

## Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 6. desember 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Kristín Harpa Hálfánardóttir, Steinn Einarsson, Einar Ólafsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson  
*Afboð og mættu ekki:*. Stefán Jóhannesson, Hrafnhildur Theódórsdóttir

### Dagskrá

- Val á íþróttamanni ársins, Blakmaður og –kona ársins 2016
- Val á leikmönnum fyrri hluta tímabilsins í Mizunodeildinni í blaki
- Fræðslumál
- Bréf frá Öldungi 2017
- Erlend samskipti
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Val á íþróttamanni ársins,

- Eftir nokkrar umræður um val á blakmanni og konu ársins var ákveðið að velja þau Jónu Guðlaugu Vigfúsdóttur og Hafstein Valdimarsson. Sævari falið að taka saman rökstuðning og senda ÍSÍ um þessa ákvörðun ásamt því að tilkynna viðkomandi leikmönnum um valið.

#### Val á leikmönnum fyrri hluta tímabilsins í Mizunodeildinni í blaki

- Ákveðið var sama fyrirkomulag og áður, þ.e.a.s. atkvæðaseðlar verða sendir út til félaganna og valið í stöður fyrir lið fyrri hlutans.
- Ákveðið að valið verði kunngjört fimmtudaginn 15. desember kl. 12.15.
- Sævari falið að sjá um blaðamannafund um þetta, panta verðlaun hjá KLM og auglýsa viðburðinn vel.

#### Fræðslumál

- Sævar og Daniele fóru á fund hjá Viðari ÍSÍ á Akureyri til að byrja vinnu við námsskrá fyrir blakþjálfarann. Var sú vinna töluverð og er námsskráin í vinnslu. Kristín hefur aðeins verið að skoða þessi mál einnig í sambandi við skólana.

#### Bréf frá Öldungi 2017

- Nokkur umræða var um bréfið sem innihélt efni um greiðslur og þáttökugjöld á mótið í vor. Snerist að dómaragreiðslum sem yrðu hærrí til að fá hæfari dómara. Umræðan snerist um að þetta falli ekki í góðan jarðveg, þ.e. að hækka þáttökugjaldið. Jasoni var falið að svara öldungi í tölvubréfi..

#### Erlend samskipti

- Óvæntur fjárhagslegur stuðningur frá CEV vegna mótsins vorið 2016 á leiðinni skv. Jasoni sem var að koma heim af CEV þingi.
- Þá verður daggjaldið hækkað um 10 Evrur sem greiðist af SCD, þáttökupjóðir áfram 45 EUR en SCD 10 EUR á mann.
- Það eru komnir mótsstaðir fyrir HM, stúlkurnar fara til Póllands og strákarnir til Frakklands.
- Í framhaldi af því var mótanefnd falið að finna út úr því hvernig best væri að flýta lokaleikjum í Íslandsmóti karla þannig að úrslitakeppnin verði búin áður en apríl er úti. Þannig myndum við búa til betri glugga fyrir karlalandsliðið að æfa sig fyrir komandi átök í vor.

#### Önnur mál

- EM Nefnd: Farið yfir stöðuna í nefndinni. Grétar vildi vita hvort það væru nokkuð frjálssar hendur með auglýsingasölu – ætti eitthvað að vera tengt bikarkeppninni t.d. Stjórnin samþykkti að veita Grétari leyfi til að ráða öfluga menn til að safna auglýsingum

- Rætt var um dag sjálfbóðaliðans og hvort stjórnin ætti að nota tækifærið og veita viðurkenningu.
- Árshátíðin var eitthvað rædd en þó ekki neitt í sjónmáli að þetta geti orðið að veruleika.
- Landsliðin á faraldsfæti á næstunni. Farið lítillega yfir það
- Smáþjóðaleikarnir 2017. Verðmiðinn er 145.000 kr. á mann. Vantar flokkstjóra, 1 eða 2.
- Strandblaknefndin hefur sagt af sér. Þarf að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að halda utan um mótaröðina næsta sumar.
- Birta Björnsdóttir og hennar aðkoma að Blaksambandi Íslands. Samið hefur verið við hana um verktakagreiðslu sem verður á endanum sem ferðakostnaður í ferðir landsliðsins. Mun hún vinna við að koma sambandinu betur á framfæri við fjölmiðla og almennum markaðsmálum, s.s. að ná inn auknum auglýsingatekjum og slíkt í sambandi við verkefni sem unnin eru.
- Það er ljóst að sambandið stækkar við þetta og er nauðsynlegt að á næstu mánuðum verði ráðið í annað stöðugildi – það vantar fleiri hendur.

Fleira var ekki rætt á fundinum

*Fundi slitið kl. 19.00*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*